

Fundur 24.6.2024 Jón Magnússon bóndi frá fimmtánu öld.

Góða kvöldið, komið þið öll blessuð og sæl. Heilsa ég ykkur.

*Sæll.*

Er hér mikil orka og hefur mér fundist eins og tíma skyn mitt breyttist eftir því sem ég hef verið hér lengur og hef talað við fleiri aðila af hnöttum sem minna á gömlu jörðina og hef ég rifjað upp frumlíf mitt og aðstæður mínar þar.

Og er það ekki oft sem okkur tekst að ná sambandi við frumlífs jörð okkar og gleður það mig og eftir því sem hnöttum þeim fjölgar sem ég hef verið á, finnst mér lífsreynsla mín verða auðugri og fleira sem hægt er að lýsa og greina frá, en verð ég að einskorða mig við nokkur atriði í æfi minni.

Og fyrir löngu er ég komst hér á þær framlífs jarðir þar sem mörk eru lengur dags og nætur, heldur myrkur hlið á annari hliðinni og sólarhlið á hinni hliðinni, hefur það verið ánægja mín að fara í hjálparleiðangra til myrkur hliðanna og aðstoða fólkið sem þar býr og er það ætíð jafn gefandi starf og eftir því sem maður hefur dvalið lengur á slíkri jörð, vex manni afl og styrkur og þor að fara lengra í þær vistarverur, þar sem þjáðst er og þörf er á meiri aðstoð.

Og orka manns verður fyrir meiri árásum að utan og þarf því meiri undirbúnings við, er það einnig krefjandi starf og taka ekki aðrir þátt í því, nema þeir sem hafa verið á mörgum framlífs jörðum og hafa undirbúið líkama sinn og sál vel fyrir það ferðalag og þau margvíslegu verkefni.

Ætla ég nú ekki að dvelja við þetta atriði sérstaklega að þessu sinni, heldur ætla ég að rifja upp æfi mína á þriðju og fjórðu framlífs jörðum mínum, þar sem ég breytti um trú og skipti um trú og fór að taka upp átrúnað sem hjálðaði mér mjög á alla lund og efldi líkama minn og sál.

Og losnaði þar úr vítahring persónulegra og félagslegra vandamála og stjórn málaerja og trúmálaerja sem ég hafði tekið þátt í á fyrstu tveimur framlífs hnöttum mínum eins og byrjað var að orla á, á jörðinni gömlu þar sem ég ólst upp við kristna trú.

Tók ég upp heiðna trú á Goðin, á Æsina og Vanina, á þriðju framlífs jörð minni, og varð það mér mjög til blessunar og gagns og tengist það mjög því tímasteiði sem þið lifið nú á gömlu jörðinni.

Og erum við okkur vel meðvituð um hvers konar veðurfar og árstíðir eru á gömlu jörðinni og erum við með sérstök mælitæki sem skrá ýmsar tilfinningar ykkar og upplifanir, eins og þegar draumþegi verður fyrir áhrifum frá draumgjafa, nema þau eru nákvæmari.

Og varð ég þess heiðurs aðnjótandi að vera valinn úr stórum hópi manna á þessari framlífs jörð til að tala við ykkur, þar sem ég veitti forgöngu á fjórðu framlífs jörð minni, einum hópi sem hafði það að markmiði að skipta út kristnum siðvenjum og helgidögum fyrir þá heiðnu, sem höfðu verið þar áður og var inn í falið að breyta Jónsmessunni hinni kristnu í heiðna hátíð að nýju og taka upp trú á Guð þann sem til forna nefndist Janus, meðal Grikkja og Rómverja og stjórnar hann slíkum umskiptum áramóta og sumarsólhvarfa.

Og minnst ég þess mjög er ég velti mér upp úr dögginni, samkvæmt þeirri siðvenju að það læknaði öll mein og kvilla og varð mér heldur gott af því, og lagði ég þann sið svo niður er ég kom á aðra jörð um sinn.

Áður en ég kom á þennan hnött með bundinn möndulsnúning, komst ég á hnött þar sem við lifðum úti í guðsgrænni náttúrunni við sveitastörf, eins og þau sem ég ólst upp við á frumlífs jörð minni, jörðinni ykkar gömlu og þar tók ég þann sið aftur upp og gerði hann mér einnig gott og hafði ég þar áður lifað í borgum og virkaði það ekki eins vel.

Var ég bóndi á gömlu jörðinni og var ég kristinnar trúar en varð ég svo heiðinnar trúar, fórum við í hjálparleiðangra nýverið til myrkurbyggðanna og hittum þar fyrir mannkyn sem orðið var mjög afskræmt í útliti eftir fólksuverk og helstefnu lífverni.

Og verðum við að geyma þau í nokkurs konar búrum þar til lífgeislalækningar hafa náð að gera þau mennskari í útliti og hegðun, og er það merkileg saga.

En var aðalerindi mitt að segja frá þeim forna Guði sem fékk norrænt heiti og nafn mitt er dregið af, Jón Magnússon heiti ég, bóndi frá fimmtánu öld.

Og vil ég heilsa ykkur öllum og breiða blessun þess Guðs yfir ykkur og mátt og mætti margt af segja hvernig umskipti mín urðu í framlífi, en nægir þetta að sinni og vona ég að ykkur gangi sem best, kveð ég ykkur að sinni verið þið sæl.

*Sæll, vertu blessaður.*